

ÖRNEFNANEFND

Ársskýrsla

2012

ÖRNEFNANEFND

Neshaga 16, 107 Reykjavík

Sími 525 5157 · Bréfasími 562 2699 · Netfang ornefnanefnd@hi.is

http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999.

Örnefnanefnd var þannig skipuð frá 12. maí 2011:

Pórunn Sigurðardóttir formaður.

Varamaður: *Haraldur Bernharðsson*.

Danfríður Skarphéðinsdóttir, varaformaður, tilnefnd af umhverfissráðuneyti.

Varamaður: *Gunnar H. Kristinsson*.

Hallgrímur J. Ámundason, tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Varamaður: *Jónína Hafsteinsdóttir*.

Áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar með tillögurétti og málfrelsi: *Margrét Jónsdóttir*.

Varamaður: *Sigríður D. Þorvaldsdóttir*.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að Neshaga 16 í Reykjavík.

Verkefni

Verkefni örnefnanefndar eru skv. lögum og reglugerð þessi:

1. að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
2. að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra;
3. að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
4. að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni og því hafi verið skotið til nefndarinnar;
5. að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;

6. að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kaптúni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
7. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess.

Heimasíða

www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd

Á heimasíðu nefndarinnar má finna lög og reglugerð um störf örnefnanefndar, meginsjónarmið nefndarinnar um nöfn sveitarfélaga, leiðbeiningar og eyðublöð fyrir tilkynningu um nafn býlis og beiðni um breytingu á nafni býlis, ársskýrslur og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998.

Fundir og afgreiðsla erinda

Haldnir voru 9 formlegir fundir í örnefnanefnd árið 2012.

Nöfn býla

Tilkynningar um nöfn nýbýla:

Örnefnanefnd afgreiddi á árinu formlegar tilkynningar um 19 nöfn. Eftir umfjöllun í nefndinni voru 17 ný nöfn samþykkt og send þinglýsingarstjórum. Tveimur nöfnum var hafnað vegna þess að þau féllu ekki að þeim venjum sem ráðið hafa nafngiftum býla hér á landi. Annað þótti aukinheldur ekki í samræmi við íslenska málvenju. Tvö erindi bárust seint á árinu og verða afgreidd á fyrsta fundi nefndarinnar í janúar 2013.

Beiðnir um breytingar á nöfnum býla:

Örnefnanefnd fékk á árinu fjögur formleg erindi um nafnbreytingu á býli og heimilaði eina þeirra. Tilgangurinn með breytingunni var að koma í veg fyrir rugling í póstútburði o.fl. vegna nágrannabæjar með sama nafni. Við val á nýju nafni var notað örnefni í landinu. Öðrum erindum um nafnbreytingu var hafnað vegna sjónarmiða örnefnaverndar og hefðar, með tilvísun í 5. gr. laga um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953.

Ný nöfn 2012

Árið 2012 tók örnefnanefnd – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum – við tilkynningum um eftirgreind nöfn býla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum:

Árprýði. Úr landi Efri-Grófar í Flóahreppi.
Bjarnastaðir. Úr landi Hamrahóls og Syðri-Hamra, Ásahreppi.
Egilsstaðatjörn. Úr landi Egilsstaða í Flóahreppi.
Espiholt. Úr landi Espihóls, Eyjafjarðarsveit.
Espilundur. Úr landi Espihóls, Eyjafjarðarsveit.
Hesthagi. Úr jörðinni Þórisstaðir í Grímsnesi.
Kaldaðarnes II. Úr landi Kaldaðarness, Sveitarfélaginu Árborg.
Klofahólar. Úr landi Litla-Klofa í Rangárþingi ytra.
Lómsstaðir. Úr landi Hamarsholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Lækjabrekka. Úr landi Höskuldsstaða í Breiðdalshreppi.
Mosheiði. Úr landi Litlu-Sandvíkur, Sveitarfélaginu Árborg.
Skeið. Úr landi Hemlu I í Rangárþingi eystra.
Skógarás. Úr jörðinni Ási III, Ásahreppi.
Stekkatún. Úr landi Miðhúsa, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Sörlatunga. Úr landi Haga II, Holtahreppi, Rangárþingi ytra.
Tungubotnar. Úr landi Kjóastaða I, Bláskógabyggð.
Vonarland. Úr landi Vestri-Grundar, Sveitarfélaginu Árborg.

Árið 2012 fjallaði örnefnanefnd enn fremur um og féllst á beiðnir um eftirgreindar breytingar á nöfnum býla og sendi hin nýju nöfn hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum skv. lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum.

Suðurá. Áður Reykjahlíð garðyrkja, Mosfellsbæ.

Nöfn sveitarfélaga

Örnefnanefnd samþykkti breytingu á nafni Reykárhverfis í Eyjafjarðarsveit í *Hrafnagilshverfi*. Nafnið Reykárhverfi hefur verið við lýði í u.þ.b. tvo áratugi en ekki öðlast sess í daglegu tali íbúa á svæðinu. Þéttbýlið er ýmis kallað Hrafnagilshverfi eða einfaldlega Hverfið, en það byggðist á landi úr jörðinni Hrafnagili.

Annað

Örnefnanefnd bárust nokkrar fyrirspurnir á árinu sem svarað var bæði símleiðis, með tölvupósti og sendibréfi þegar það átti við.

Örnefnanefnd fór þess á leit við mennta- og menningarmálaráðherra að lög um bæjanöfn o.fl. yrðu endurskoðuð vegna þess að þau væru komin til ára sinna og ekki í samræmi við nútíma búsetuhætti og skipulag í landinu. Hefur það skapað misræmi í nafngjöfum og skráningu því stjórnsýslan hefur engar ákveðnar reglur að miða við, skráningarferli er óljóst og boðleiðir milli

stofnana ekki skýrar. Fóru fulltrúar nefndarinnar á fund ráðherra 19. mars 2012. Ráðherra skipaði starfshóp um endurskoðun laganna 8. júní 2012. Í honum voru Þórunn Sigurðardóttir íslenskufraeðingur, formaður örnefnanefndar, Svavar Sigmundsson, fyrrverandi forstöðumaður Örnefnastofnunar Íslands, Tryggvi Már Ingvarsson, sérfræðingur hjá Þjóðskrá Íslands, og Margrét Magnúsdóttir, lögfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þórunn Sigurðardóttir var formaður starfshópsins. Starfshópurinn skilaði af sér tillögum að lögum um örnefni með skýringargreinum og athugasemdum hinn 20. desember 2012.

Leitað var eftir umsögn örnefnanefndar um drög að skýrslu Þjóðskrár Íslands um skráningu staðfanga. Skilaði nefndin skriflegum athugasemdum við hana 17. september 2012.

Hinn 12. október fór nefndin á fund starfshóps um endurskoðun laga um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953, þar sem starfshópurinn kynnti fyrir nefndinni drög að nýjum lögum um örnefni fyrir nefndinni. Skilaði nefndin álitinu um tillögur að verklagi 16. október.

Reykjavík, 31. desember 2012

ÖRNEFNANEFND

Þórunn Sigurðardóttir, formaður